




## Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

TEIK2FH03

<b>Kennari</b>	Íris Jónsdóttir – <a href="mailto:iris.jonsdottir@fss.is">iris.jonsdottir@fss.is</a>	
<b>Viðtalstími</b>	Þriðjudaga frá kl. 11:55 til 12:35	
<b>Námsefni</b>	Ljósrit frá kennara og annað efni.	
<b>Áfangalýsing</b>	Í áfanganum læra nemendur að teikna flatar teikningar, þ.e. tækniteikningar/vinnuteikningar sem sýna fatnað með öllum smáatriðum s.s saumum, hneppingum o.fl. Nemendur læra um grunnform líkamans, hlutföll, hreyfingu og mismunandi stöður. Kennnd eru undirstöðuatríði í hugmyndavinnu fyrir fatahönnun og hvernig hugmyndir eru útfærðar með tiskuteikningum og flötum teikningum. Hugmynda- og skissuvinna er unnin út frá þema og vinna nemendur í skissubækur yfir önnina. Farið er í teikningar fyrir áferð á efni, mikilvægi lita og frágang teikninga. Lögð er áhersla á að nota fjölbreytt áhöld og pappír.	
<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Verkefnaskil yfir önnina. Nemendur skila svo vandaðri vinnumöppu (ferilmöppu) sem inniheldur verkefni annarinnar ásamt skissubók sem unnin hefur verið jafnt og þétt yfir önnina. Nemendur þurfa að geta gert grein fyrir vinnu sinni munnlega í yfirferð með samnemendum og kennara. Vinnusemi, ástundun, skilvirkni og vandvirkni er einnig hluti af námsmati.	
	<b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>	<b>Vægi</b>
	Verkefni	50%
	Skissubók	40%
	Virkni	10%
<b>Reglur áfanga</b>	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir, skili á réttum tíma og mæting uppfylli mætingareglur FS. Ath. breyting á skráningu mætinga verður ekki gerð nema í eina viku. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum.	
<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Efnisgjald; sjá Innu Það sem nemandi þarf að kaupa: Blýantar HB, 2B og 6B Strokleður og yddari Skissubók	

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hvernig hægt er að skapa dýpt með ýmsum aðferðum</li> <li>• hlutföllum í mannlíkamanum</li> <li>• nokkrum algengum teiknimiðlum</li> <li>• nokkrum leiðum til að útfæra teikningu eftir fyrirmynd á skapandi hátt</li> <li>• ólíkum tilgangi með teikningu</li> <li>• hugmyndavinnu út frá þema</li> <li>• þemaspjöldum, handgerðum sem og í tölvum</li> <li>• aðferðum við teikningu á tískuginum</li> <li>• flötum teikningum</li> <li>• skissuvinnu sem hluta af ferli við hugmyndavinnu</li> <li>• mikilvægi ferilmöppu</li> <li>• íslenskum og erlendum fatahönnuðum</li> <li>• mikilvægi stöðugra æfinga til að ná framförum í teikningu</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• yfirfæra það sem hann sér með teikningu á tvívíðan flöt</li> <li>• teikna og skyggja grunnform</li> <li>• nota þekkingu sína á grunnformum í teikningu á ýmiss konar fyrirmyndum</li> <li>• beita algengum teiknimiðlum eins og blýanti, kolum, bleki ofl.</li> <li>• beita aðferðum til að ná fram áferðum og skyggingum í teikningum</li> <li>• nota ímyndunarafli til að útfæra og víkka út teikningu eftir fyrirmynd</li> <li>• setja fram eigin hugmyndir með teikningu</li> <li>• teikna flatar teikningar</li> <li>• vinna hugmyndavinnu og teikna skissur út frá þema</li> <li>• útbúa þema- og litaspjöld jafnt í höndum og í tölvu</li> <li>• setja fram hugmyndir og ganga frá verkefnum í ferilmöppu</li> <li>• skoða og læra af erlendum og íslenskum fatahönnuðum</li> </ul>

Hæfni
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta teiknað fyrirmynd í réttum hlutföllum</li> <li>• þróa eigin stíl í teikningu</li> <li>• rannsaka aðferðir og hugmyndir á bak við ólíkar teikningar</li> <li>• þróa áfram aðferðir sínar til að setja fram eigin hugmyndir með teikningu</li> <li>• nota teikningar eftir listamenn, vísindamenn og hönnuði sem innblástur fyrir eigin vinnu</li> <li>• velja mismunandi teikniáhöld og aðferðir í tengslum við eigin ætlan</li> </ul>

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst	60 klst
Heimavinna	15 vikur x ½ klst	7 ½ klst
Undirbúningur f skil	3 x 2 klst	4 ½ klst
<b>Alls</b>		<b>72 klst = 3 fein*</b>

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 6. – 10. janúar	Kennsluáætlun kynnt fyrir nemendum, rannsóknarvinna	Heimaverkefni í skissubók: 2 skissur á viku
<b>2. vika</b> 13. – 17. janúar	Teikning	4 skissur
<b>3. vika</b> 20. – 24. janúar	Teikning	6 skissur
<b>4. vika</b> 27. – 31. janúar	Teikning	8 skissur
<b>5. vika</b> 3. - 7. febrúar	Teikning	10 skissur
<b>6. vika</b> 10. - 14. febrúar <i>Uppbrotisdagur</i>	Rannsóknarvinna/hugmyndavinna	12 skissur
<b>7. vika</b> 17. - 21. febrúar	Framhald...	14 skissur
<b>8. vika</b> 24. - 28. febrúar <i>Vetrarfrí 27. og 28.</i>	Framhald...	16 skissur
<b>9. vika</b> 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	Litafræði - efni	18 skissur
<b>10. vika</b> 10. - 14. mars	Teikning - hönnun	20 skissur
<b>11. vika</b> 17- 21. mars	Framhald...	22 skissur
<b>12. vika</b> 24. - 28. mars	Framhald...	24 skissur
<b>13. vika</b> 31. mars - 4. apríl	Lokaverkefni	26 skissur
<b>14. vika</b> 7. - 11. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Framhald...	28 skissur
<b>15. vika</b> 22. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Framhald...	30 skissur
<b>16. vika</b> 28. apríl - 2. maí	Framhald...	32 skissur
<b>17. vika</b> 5. - 9. maí	Nemendur klára og skila öllum verkefnum sem lögð hafa verið fyrir á önninni og skissubók	Samtals 32 skissur alls

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Jónsdóttir